

**Nd.**

**397. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

## 2. gr.

Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum:

- a. Heyi, hálmur, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.
- b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðju-  
iðju, enda sje hún sóttþreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

- c. Notuðum fatnaði, fíðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýra-  
hári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum,  
kústum og brosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann  
ekki til framkvæmda, ef vörurnar sóttþreinsast við tilbúning eða hreinsun,  
eða ef þær eru sóttþreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi  
farmskránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sóttþreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sóttþreinsun á tjeðum  
vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

- d. Fóðurkökum og rófum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á  
vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

## 3. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning  
á öðrum þeim vörum, sem bættá telst á, að sóttþreinsu geti borist með.

## 4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á  
fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjölni, gefa lög-  
reglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það,  
hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá  
útlöndum dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða  
aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem  
mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans  
hafa verið tryggilega sóttþreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæðnr eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrir-  
skipað sóttþreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabrjef hans sannar  
ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunar-  
hætta var.

## 5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem  
koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð,  
eftir fyrir mælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan  
skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað með

auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr., varða sektum, frá 100—10000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörunar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilblutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Ennfremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lög-reglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.